

Fimmtudaginn 20. nóvember 1997.

Nr. 158/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Friðbert Páli Njálssyni

(Gústaf Þór Tryggvason hrl.)

Skotvopn. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Málinu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi. Ákærði krefst sýknu af sakargiftum ákærvalds.

Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar héraðsdóms um sakfellingu ákærða og refsíákvörðun, en ekki er lengur krafist upptöku skotvopna.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er fallist á sakarmat hans og færslu brots til refsíákvæða.

Fram er komið, að ákærði hefur fengið afhent þau skotvopn, sem héraðsdómur féllst á, að gerð yrðu upptæk, og hefur lögreglustjórinn í Reykjavík 18. febrúar 1997 veitt ákærða skotvopnaleyfi vegna þeirra. Í samræmi við það hefur ákærvaldið fallið frá kröfu sinni um upptöku skotvopna.

Í bréfi lögreglustjórans í Reykjavík 29. mars 1996 til dómsmálaráðuneytisins segir, að embættið muni ekki leggjast gegn því, að ákærða verði afhent og veitt leyfi fyrir skotvopnum, sem þar eru greind og sættu að hluta upptöku í héraði. Þá segir í bréfinu: „Hann hefur ekki áður gerst brotlegur við ákvæði skotvopnalöggjafarinnar, eftir því sem vitað er, og hugsanlega er hægt að skoða skotvopnaeign hans að nokkru í dag sem safn gripa.“ Bréf þetta er undirritað af Skarphéðni Njálssyni varðstjóra. Í bréfi Böðvars Bragasonar lögreglustjóra til ákærða 5. mars 1997 um fyrrgreinda bréfið staðfestir hann, „að ég var og er sammála því, sem fram kemur í niðurlagi bréfsins varðandi mögulegar heimildir til yðar vegna fjögurra tilgreindra skotvopna“.

Með hliðsjón af framansögðu og öðrum atvikum málsins þykir rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða skilorðsbundið í tvö ár, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Friðberts Páls Njálssonar, er frestað, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gústafs Þórs Tryggvasonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 1996.

Ár 1996, föstudaginn 22. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 584/1996: Ákærvaldið gegn Friðbert Páli Njálssyni, sem tekið var til dóms 22. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 8. júlí sl., gegn ákærða, Friðbert Páli Njálssyni, kt. 101240-2079, Tjarnargötu 10 B, Reykjavík, „fyrir brot á skotvopnalögum og skotvopnareglugerð með því að hafa þriðjudagskvöldið 15. ágúst 1995 haft í sínum vörslum á heimili sínu sem eigandi og umráðamaður tvær skammbyssueftirlíkingar, báðar af gerðinni Rhöner, cal. 8 mm og 6 skota, önnur 15G, pistol, nr. 21717, og hin mod. 110, pistol, nr. 459791, sem ætlaðar eru til að skjóta úr gasi og erfitt er að greina frá fyrirmyndinni, og án tilskilinna leyfa einnig eftirtalin skotvopn: tvær skammbyssur, FN, pistol, cal. 6,35 mm, 6 skota, nr. 908593, og Z, pistol, cal. 6,35 mm, 6 skota, nr. R259957; tvo riffa, báða cal. 22 og 1 skota, annan af óþekktri tegund og hinn merktan Sportvöruhúsi Reykjavíkur, og eina haglabyssu af óþekktri tegund og án númers, og að hafa eigi geymt þau og önnur skotvopn sín í læstum hirslum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 14. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skot-

elda nr. 46/1977 og 3. mgr. 17. gr. og 5. tl. 2. mgr. 34. gr., sbr. 37. gr. reglugerðar nr. 16/1978, sbr. reglugerðir nr. 174/1979 og 474/1988, allt sbr. 34. gr. nefndra laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upp-töku samkvæmt 1. mgr., sbr. 3. mgr., 35. gr. laga nr. 46/1977 og 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, á skammbyssueftirlíkingunum og þeim fimm skotvopnum, er hann hafði ekki leyfi fyrir, sem allt var lagt hald á við rannsókn málsins“.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi fimmtudagsins 15. ágúst 1995 voru lögreglumenn úr Reykjavík og rannsóknarlögreglumenn frá RLR kvaddir að heimili ákærða að Tjarnargötu 10 B hér í borg vegna innbrots í íbúðina. Ákærði var erlendis, en Jens Eliasson, sem aðgang hafði að íbúðinni, tilkynnti innbrotið. Í skýrslum Runólfs Þórhallssonar lögreglumanns og Sigurgeirs Ó. Sigmundssonar rannsóknarlögreglumanns um málið, sem þeir hafa staðfest fyrir dóminum, kemur fram, að skemmdir hafi verið unnar á svalahurð og listar spenntir upp af litlum glugga í hurðinni. Þá kemur fram, að mikið magn skotvopna og skotfæra var í íbúðinni. Mikið hafði verið rótað í íbúðinni, og talið var, að úr henni hefði verið stolið nokkrum vopnum. Skotfæri hefðu fundist víða, og á rúmi í svefnherbergi hafði verið raðað upp tveimur rifflum og þremur haglabyssum, en ákærði hafði þá leyfi fyrir 14 vopnum, þar af haglabyssum, rifflum og skammbyssum. Af þeim vopnum fundust ekki á vettvangi sex vopn. Þá kemur fram í skýrslunum, að fundist hafi í íbúðinni sjö óskráð vopn. Af öryggisástæðum óskaði tilkynnandi eftir því, að öll vopn yrðu fjarlægð úr íbúðinni, og voru þau færð í vörslur RLR. Við skoðun vopnanna á vettvangi kom fram, að samkvæmt skotvopnaleyfi ákærða, út gefnu 2. júní 1995 af lögreglunni í Reykjavík, voru vopn þau, er ákæran lýtur að, óskráð og hald lagt á þau. Í annarri framskýrslunni 15. ágúst sl. er þess getið, að haglabyssan og riffilarnir tveir séu gömul, en þó nothæf sem skotvopn. Í skýrslu Bjarna Bogasonar, rannsóknarlögreglumanns tækni-deildar RLR, 16. ágúst sl. kemur fram, að rótað hafði verið í stofu og þar verið opnaðar hirslur og skápar og sjá hafi mátt allmikið magn skotfæra í skúffum, gólfu og skápum. Í einu horni stofunnar hafi verið haglabyssu og skammbyssu fyrir púðurskot í skáp í stofu. Í svefnherbergi hafi fundist skammbyssur, pístólur, skotfærabelti með skotum og riffilar. Ákærða var veitt skotvopnaleyfi fyrir haglabyssunni og riffilunum tveimur 5. september 1996, eftir að mál þetta hafði verið höfðað. Fram kemur í bréfi lögreglustjórans í Reykjavík 27. september 1995, að ákærða voru afhent öll skot-

vopn, skotfærabelti og skotfæri, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, að undanskildum FN- og Z-pístólunum og Rhöner-byssunum. Af framan-greindum ástæðum var af hálfu sækjanda fallið frá upptöku á haglabyssunni og rifflunum við meðferð málsins.

Ákærði var yfirheyrður við rannsókn málsins. Hann kvaðst aldrei hafa skotið úr haglabyssunni eða rifflinum, merktum Sportvöruhúsi Reykjavíkur. Þessi vopn hafi hann fengið úr tilteknu dánarbúi fyrir áratugum. Þessa haglabyssu og riffil hafi hann geymt sem safngripi á vegg. Hinn riffilinn hafi hann fengið hjá nánnum ættingja fyrir þremur áratugum. Hann hafi alla tíð litið á haglabyssuna og þessa riffla sem safngripi og aldrei komið til hugar, að þeir væru nothæfir. Því hafi hann ekki sótt um leyfi fyrir þeim fyrr en nú fyrir skömmu. Um FN- og Z-pístólurnar sagði hann, að bróðir sinn, Birkir Njálsson, hefði áratug áður beðið sig að geyma pakka fyrir hann. Hann hafi sett pakkann í geymslu. Árið 1987 hafi ákærði og fjölskylda hans flust til Frakklands og geymt ýmislegt dót í geymslunni. Pakkinn hafi gleymst í geymslunni og fundist snemma árs 1995. Hann hafi ætlað að fá byssurnar skráðar á sig, þar sem hann hafði áhuga á að eignast þær eftir bróður sinn. Hann hafi verið með umsókn „í gangi“ um aðra byssu og beðið niðurstöðu þeirrar umsóknar, áður en hann sótti um leyfi fyrir þessum byssum. Rhöner-byssurnar hafi hann fengið í hendur fyrir mikinn misskilning. Um vörslur skotvopnanna og skotfæranna, sem voru á vettvangi, sagði ákærði, að hann hefði geymt byssurnar undir rúmi í lokuðum sökkli, sem hlerar voru fyrir og dýna þar ofan á. Önnur vopn hafi hangið á vegg og stálkeðja verið í gegnum gikkhús allra, en keðjunni verið læst með hengilás. Hann hafi talið sig ganga tryggilega frá vopnunum með þessum hætti, þar sem hann hafi séð, að í sumum verslunum, sem selja skotvopn, væri ekki eins vel frá vopnum gengið. Skotfærin hafi hann geymt í læstum skáp inni í stofu, sem stunginn hafði verið upp. Allar dyr íbúðarinnar hafi verið læstar. Ákærði kvað ástæðu fyrir eign sinni á þessum fjölda skotvopna vera þá, að hann hefði haft á þeim áhuga frá barnsaldri. Þá væri hann áhugamaður um markskotfimi og byssusöfnun og stundaði auk þess skotveiðar.

Ákærði neitar sakargiftum. Við meðferð málsins kvaðst hann hafa fengið Rhöner-byssurnar sendar vorið 1995. Um vörslur vopnanna vísaði ákærði til framburðar síns við rannsókn málsins. Kvaðst hann hafa geymt annan riffilinn og haglabyssuna, sem væru safngripir og ónothæf sem skotvopn, á vegg, svo sem rakið er hér að framan. Hann hafi geymt önnur skotvopn í rúm-sökkli, sem er með þungum hlerum yfir og lokaður á alla vegu, en honum hafi ekki verið unnt að læsa. Lýsti ákærði því, að til þess að komast að vopnunum hefði þurft að taka allt ofan af rúminu svo og hlerana og annað

undir dýnum og blikkplötu. Vopnin hafi því verið mjög óaðgengileg. Þá hafi herbergið verið læst. Skotfæri hafi hins vegar verið geymd í læstum eikarskáp í öðru herbergi. Ákærði sagði, að ekki væri hægt að skjóta venjulegum skotum úr Rhöner-skammbyssueftirlíkingunum, sem nefndar eru í ákæru, heldur væru notuð í þær gashylki, sem úr kæmi gas eða púðurskot, sem úr kæmi salli. Ákærði kvaðst hafa tekið upp pakkann með FN- og Z-byssunum örfáum dögum áður en hann fór með fjölskyldu sína í árlegt sumarfrí til Frakklands vorið 1995. Hann hafi sett byssurnar á sama stað og hin skotvopnin í nefndan rúmsökkul. Ákærði staðfesti það, sem fram kemur í gögnum málsins, að hann hafi lagt fram umsókn um leyfi til að eiga og nota aðra Rhöner-byssuna, sem í ákæru greinir, en þeirri beiðni hafi verið hafnað.

Ákærði sýndi í dóminum tvær byssur, er hann taldi hliðstæðar skammbyssueftirlíkingum þeim, sem í ákæru greinir, og lagði fram í dóminum kvittanir fyrir kaupum þeirra. Kvaðst hann hafa getað keypt þessar byssur án þess að sýna skotvopnaleyfi við kaupin.

Lögreglumenn þeir, sem unnu að rannsókn málsins, komu fyrir dóm við meðferð þess, svo sem nú verður rakið. Þeir staðfestu skýrslur sínar við rannsóknina.

Vitnið Ólafur Egilsson kvaðst hafa verið kallaður að heimili ákærða vegna innbrotsins, og hafi hann kannað ásamt fleiri lögreglumönnum verksummerki innbrotsins í íbúðinni. Er inn var komið, hafi mátt sjá, að búið var að stafla skotvopnum á rúm inni í einu herberginu og brjóta upp dyr bakdyra megin í eldhúsi að svölum, en þar hafi stigi verið reistur upp að svölunum og þaðan brotist inn í íbúðina. Minnti vitnið, að verksummerki hefðu verið á útidyrhurð um innbrot.

Runólfur Þórhallsson lögreglumaður kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslur, er hann gerði við rannsókn málsins. Lýsti hann aðkomunni á staðinn á sama veg og í skýrslu sinni, en kvaðst ekki muna nú, hvernig umhofs var í svefnherbergi hjóna. Skotvopn og skotfæri hafi verið á víð og dreif um íbúðina. Hann sagði, að tilkynnandi um innbrotið hefði verið búinn að fara um alla íbúðina, og kvaðst því ekki geta borið um, hvort dyr hafi verið læstar, er þeir lögreglumenn komu á staðinn.

Bjarni Bogason, rannsóknarlögreglumaður tæknideildar RLR, staðfesti við meðferð málsins, að unnt hefði verið að sjá á útidyrum, að þaðan hefði verið glerlisti losaður og svaladyr brotnar upp. Hann minntist þess ekki að hafa séð um það ummerki á öðrum dyrum. Hirslur hafi verið aðgengilegar, er lögregla kom á staðinn. Hann sagði, að í samráði við umsjónarmann eignarinnar, sem þarna var á staðnum og tilkynnti lögreglunni um innbrot-

ið, hefði verið lagt hald á öll skotvopn og skotfæri, enda ekki talið forsvanlegt að skilja þau eftir, þar sem eigandinn var erlendis. Það, sem hald var lagt á, hafi verið flutt í lögreglubífreið í húsnæði RLR og myndað og skráð. Daginn eftir hafi hið haldlagða verið afhent lögreglunni í Reykjavík. Vitnið afhenti í dóminum ljósmyndir, sem teknar voru af skotvopnum þeim og skotfærum, sem lagt var hald á umrætt sinn.

Sigurgeir Sigmundsson, rannsóknarlögreglumaður RLR, minnti, að dyr íbúðarinnar hefðu verið opnar, er lögregla kom á vettvang, enda hefði tilkynnandi verið þar fyrir. Hann hafi ekki orðið var við skemmdir á dyrum að undanskildum svaladyrum. Hann kvaðst hafa séð stóran skáp í stofu, skenk, tveggja til þriggja metra langan, í stofu, þar sem skotfæri höfðu verið geymd. Skápur þessi hafi verið ólæstur, en vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því, hvort hann var læsanlegur. Hann kvað vopn og skotfæri hafa verið í nánast öllum herbergjum íbúðarinnar, í herbergi unglings, í svefnherbergi hjóna og í stofu. Í svefnherberginu hafi vopn verið undir rúmi og inni í skápum. Hann minntist ekki sérstaklega, hvernig umhorfs var við hjónarúmið.

Skarphéðinn Njálsson, lögreglumaður og starfsmaður við skráningar skotvopna hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, kom með í dóminn svokallaðar skammbyssu-eftirlíkingar, sem vísað er til í ákæru. Kvað hann vopn þessi vera skammbyssur, sem gerðar væru fyrir sérstök hylki, sem geymdu gas eða salla. Hér væri því ekki um venjulegar skammbyssur að ræða, sem ætlaðar væru fyrir kúlur, heldur væru þær gerðar til að verjast.

Pórður Eric Hilmarsson lögreglumaður kvaðst hafa farið á vettvang að beiðni tilkynnanda daginn eftir innbrotið. Hann kvaðst hafa séð „markför“ á dyrakörmum og hurðum, eins og gerð hefði verið tilraun til þess að plokka þær upp eða stinga. Hann kannaðist við, að hann hefði séð stóran „buffetskáp“ í stofunni, og taldi sig muna, að skápur þessi væri læsanlegur. Hann minntist þess einnig að hafa séð læsanlegan byssurekka fyrir riffla og haglabyssur í herbergi sonar ákærða. Minnti vitnið, að hann hefði séð skemmdir á rekknum, eins og hann hefði verið brotinn.

Vitnið Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, kvaðst hafa farið um margra ára skeið með skotvopnamálefni í ráðuneytinu. Oft hafi komið fyrir, að menn hafi gefið sig fram með skotvopn, sem ekki voru skráð, og óskað skráningar á þeim, þótt þeir hafi komist yfir þau með ýmsum hætti. Almennt hafi einkum verið lögð áhersla á að skrá vopnin, ef þau voru nýleg, og að jafnaði sett það skilyrði, að tilskilin gjöld væru greidd. Mikil áhersla hafi verið lögð á rétta skráningu skotvopna og að öll vopn væru skráð. Það hafi verið með ýmsum hætti, hvernig vopnin komust í

hendur manna, stundum verið frá ættingjum, vinum eða úr dánarbúum. Vitnið kannast við, að ákærði hafi sótt um leyfi árið 1994 fyrir Rhöner-byssu, en þeirri beiðni hafi verið hafnað, þar sem lögreglustjóri lagðist gegn leyfinu.

Niðurstaða.

Ljóst er af gögnum málsins, sem rakin hafa verið hér að framan, að ákærði hafði ekki leyfi fyrir vopnum þeim, sem sérstaklega eru tilgreind og lýst er nánar í ákæru, er vopnin fundust á heimili hans í tilefni rannsóknar innbrots þar 15. ágúst 1995.

Í 1. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiella og skotelda kemur fram, að lögin taka til vopna eða tækja, sem hægt er „með sprengikrafti, samþjöppuðu lofti eða á annan hátt að skjóta úr kúlum, höglum eða öðrum skeytum“. Því er fram haldið af hálfu ákæruvalds, að Rhöner-byssurnar séu eftirlíkingar, en ekki skotvopn. Í lögum nr. 46/1977 er hvergi að finna ákvæði, er banna vörslur eða eign slíkra eftirlíkinga skotvopna, og fram er komið við rekstur málsins, að unnt er að kaupa slík vopn hérlandis án þess að sýna tilskilið skotvopnaleyfi fyrir þeim. Hins vegar er slíkt ákvæði að finna í 5. tl. 2. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 474/1988 um breyting á reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979 um skotvopn og skotfæri, sem sett er með stöð í framangreindum lögum, en þar er um nánar tilgreindar eftirlíkingar að ræða. Ákvæði þetta á sér hins vegar ekki lagastöð, svo sem að framan er lýst, og brestur því heimild til að dæma ákærða refsingu fyrir að hafa haft umræddar Rhöner-skammbyssueftirlíkingar í vörslum sínum án tilskilins skotvopnaleyfis og án þess að geyma þær í læstum hirslum. Verður ákærði því sýknaður af þeirri háttsemi.

Óumdeilt er í málinu, að skammbyssurnar tvær, sem ákærði er eigandi að, eru vopn í skilningi laganna. Hefur ákærði ekki fengið leyfi fyrir þeim. Með því að láta það undir höfuð leggjast hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 14. gr. laga nr. 46/1977, sbr. 34. gr. laganna, en samkvæmt fyrrnefndu ákvæði skal hver sá, sem vill kaupa eða á annan hátt eignast og nota skotvopn, fá til þess leyfi lögreglustjóra.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að rifflarnir og haglabyssan geti ekki talist skotvopn í skilningi framangreinds ákvæðis skotvopnalaga; þetta séu gömul vopn, sem séu safngripir og ónothæf sem skotvopn. Allt að einu sótti ákærði um og fékk skotvopnaleyfi fyrir þessum vopnum, en það gerði hann ekki, fyrr en eftir að meðferð máls þessa hófst. Í skýrslu Runólfs Þórhalls-sonar lögreglumanns 15. ágúst sl., sem hann staðfesti við meðferð málsins, er þess getið, að haglabyssan og rifflarnir séu gömul vopn, en þó nothæf

sem skotvopn. Ekkert er fram komið um það, að skotvopn þessi séu ónot-hæf, þótt ákærði hafi við rannsókn málsins og meðferð þess sagt, að hann liti svo á og hafi alltaf haldið, að svo væri. Með því að hafa haglabyssuna og rifflana tvo í vörslum sínum án tilskilins skotvopnaleyfis hefur ákærði gerst brotlegur við framangreinda 14. gr. laga nr. 46/1977.

Ljóst er, að vörslur ákærða á skotvopnum þeim og skotfærum, sem lög-reglan lagði hald á umrætt sinn, var ekki með þeim hætti, sem vettvangur á heimili hans gaf mynd af, eftir að brotist hafði verið inn á heimili ákærða, en þar var allt á rúi og stúi og skotvopn og skotfæri dreifð um alla íbúð. Allt að einu þykir ljóst af framburði ákærða um það, hvernig hann hagaði vörslum á skotvopnunum og skotfærunum, svo og framburði lögreglu-manna um ummerki á vettvangi og öðrum gögnum, að vörslur ákærða á þeim væru ekki með þeim hætti, sem áskilið er í 17. gr. reglugerðar nr. 16/1978 um skotvopn og skotfæri, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 174/1979, en þar segir, að þegar skotvopn og skotfæri séu ekki í notkun, skuli skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd aðskilin í læstum hirslum, en ákvæði þetta á sér lagastoð í ákvæði sama efnis í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 46/1977. Hefur hann því gerst brotlegur við 17. gr. framangreinds reglugerðarákvæðis, sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977, svo sem honum er að sök gefið í ákæru.

Ákærði hefur ekki gerst sekur um refsiverða háttsemi, sem áhrif hafi á refsingu hans í máli þessu. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiða skal innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði varðhaldi í tíu daga.

Svo sem að framan greinir, féll ákæruvaldið frá kröfu sinni um upptöku á rifflunum tveimur og haglabyssunni við meðferð málsins, enda hafði ákærði þá fengið leyfi fyrir þeim vopnum. Lýtur krafa ákæruvalds nú að upptöku skammbyssueftirlíkinganna tveggja og skammbyssnanna tveggja með vísan til 1. mgr., sbr. 3. mgr. 35. gr. laga nr. 46/1977, og 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í fyrrgreindu ákvæði skotvopnalaga er meðal annars að finna heimild til upptöku skotvopna og skotfæra, sem flutt hafa verið til landsins eða framleidd eru í landinu án heimildar, eða finnast vörslulaust eða í vörslu manns án heimildar samkvæmt ákvæðum laganna. Enga heimild er að finna til upptöku eftirlíkinga skotvopna í ákvæði þessu. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að um skilyrði 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga um upptöku sé að ræða í máli þessu. Ákærði er því sýknaður af kröfu ákæruvalds um upptöku skammbyssueftirlíkinganna. Hins vegar þykir rétt með vísan til 1. mgr. 35. gr. laga nr. 46/1977 að taka til greina kröfu ákæruvalds um upptöku á skammbyssunum, annars vegar sex skota pistol FN, cal. 6,35 mm, og hins vegar sex skota Z-pistol cal. 6,35 mm.

Ákærði er dæmdur til að greiða saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og 30.000 krónur af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Gústafs Þórs Tryggvasonar hæstaréttarlögmanns. Úr ríkissjóði skal greiða 15.000 krónur af málsvarnarlaunum verjanda. Annan sakarkostnað greiði ákærði að 2/3 hlutum, en ríkissjóður að 1/3 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðbert Páll Njálsson, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði sæti upptöku á eftirtöldum skotvopnum:

1. 6 skota pistol FN, cal. 6,35 mm,
2. 6 skota Z-pistol cal. 6,35 mm.

Ákærði greiði saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og 30.000 krónur af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Gústafs Þórs Tryggvasonar hæstaréttarlögmanns. Úr ríkissjóði skal greiða 15.000 krónur af málsvarnarlaunum verjanda. Annan sakarkostnað greiði ákærði að 2/3 hlutum, en ríkissjóður að 1/3 hluta.
